

# Formannafundur KRAFT 27.05.2016

Fundur stjórnar með formönnum aðildarfélaga var haldinn á skrifstofu ÍBA/ÍSÍ á Akureyri 27. maí 2016 og hófst hann kl. 19:30.

## Mæting:

Frá stjórn: Gry Ek og Róbert Kjaran

Frá félögum: Grétar Skúli Gunnarsson (KFA), Ingimundur Björgvinsson (Grótta), Aðalsteinn Guðmundsson (Kormákur), Þorbergur Guðmundsson (Hörður), Ellert Björn Ómarsson (Massi) og Magnús B. Þórðarson (LFH)

## Þetta gerðist:

- Setning fundar.** Gry setur fundinn og býður fundargesti velkomna. Hún kynnti dagskrá fundarins, sem send hafði verið formönnum ásamt fundarboðum.
- Kosning fundarstjóra og fundarritara.** Gry stakk upp á að hún sæi um fundarstjórn og að Róbert verði fundarritari. Það var samþykkt
- Ný stjórn, skipan í nefndir og starfsmaður.** *Fyrirkomulag stjórnar* tók breytingum á síðasta kraftlyftingaþingi, nú er kosið um þrjá af sex stjórnarmönnum á hverju ári sem allir sitja sem aðalmenn. Gry nefndi þessar lagabreytingar og kynnti svo nýkjörinn formann, Borghildi Erlingsdóttur, og hvatti formenn til að kasta á hana kveðju. Hún kynnti einnig aðra stjórnarmenn og þeirra hlutverk. Gry skoraði formenn á að koma tillögum að fólk í nefndir til stjórnar og lagði þar sérstaka áherslu á fjárlunarnefnd. Nokkrir fundargesta spurðu hvaða vinna hefði þar verið unnin. Gry sagði þá vinnu á byrjunarstigi. Hún ræddi því næst um ráðningu nýs starfsmanns á skrifstofu KRAFT og sagði það vera í ferli. Grétar Skúla (KFA) tók til máls og sprýr hvort skipan nýrrar landsliðsnefndar sé lokið. Gry svaraði að svo sé ekki.
- Afreksstefna.** Gry kynnti nýja afreksstefnu KRAFT fyrir árin 2016-2020 sem birt hefur verið á vefsíðu KRAFT og unnið hefur verið eftir. Afreksstefnuna hefði átt að leggja fyrir síðasta kraftlyftingaþing til staðfestingar en það hafi gleymst í undirbúningi þinggagna. Gry óskar eftir því að fundarmenn samþykki að staðfesta nýja afreksstefnu KRAFT 2016-2020. Það var samþykkt.
- Stofnun þjálfararáðs.** Gry tók til máls um nýja reglugerð um þjálfararáð KRAFT. Hún tekur fram að í þeim tilfellum sem félög hafa ekki eiginlegan þjálfara geti fulltrúi þess félags verið einhver sem ber ábyrgð á þjálfaramálum. Gry býður mönnum að koma með tillögu að því hvernig og hvenær ráðið verði stofnað. Einhugur var um að ráðið yrði stofnað eins fljótt og auðið er. Gry leggur til að stofnfundur verði haldinn í Reykjavík helgina 11.-12. júní. Það var samþykkt.
- Landsliðsmál.** Gry tók til máls um starf landsliðsnefndar. Hún sagði hana nú þegar búna að skipa í landsliðið fyrir þetta ár. Breyting verður gerð á fyrirkomulagi landsliðsnefndar í kjölfar stofnunar þjálfararáðs. Gry ítrekaði núverandi vinnuferli við val í landslið. Hugmyndin að þetta vinnuferli haldist svipað. Stjórn með hugmyndir um að landsliðsnefnd og þjálfararáð skipi í sameiningu í landsliðið. Ingimundur (Grótta) og Grétar Skúli (KFA) spurðu um tengsl landsliðsnefndar og þjálfararáðs. Gry sagði

að landsliðsnefnd yrði framkvæmdaraðili stjórnar og þjálfararáð myndi sjá um faglegt mat á tillögum í landsliðið.

## 7. Önnur mál.

- a. Gry tók til máls um fræðslumál. Eitt dómarapróf hefur verið haldið í ár. Hún nefndi að dómararkennsla og dómapróf fari fram í sambandi við næsta byrjendumót. Einnig tilkynnti hún að þann 17. september nk. verði haldið málþingið *Sterkur án stera* þar sem nokkrir sérfræðingar munu koma og halda fyrilestra og opnar umræður. Málþingið verður opið fyrir iökendur, þjálfara og áhugamenn um kraftlyftingar.
- b. Gry kynnir drög að úttektarskjali fyrir móta hald, sem aðallega er hugsað fyrir meistaramótin. Úttektarskjalið er hugsað sem endurgjöf til móts haldara um atriði er varða skipulag og framkvæmd móts. Almenn ánægja var með þetta framtak, en fundarmenn lögðu til tvær breytingar. Annars vegar var lagt til að meðal starfsmanna yrði MC (e. *medical controller*). Hins vegar var lagt til að í stað þess að móts haldari sái um samskipti við fjölmíðla ætti móts haldari að bera ábyrgð á að koma upplýsingum til fjölmíðlanefndar sem kæmi upplýsingum til fjölmíðla. Fundarmenn samþykkja úttektarskjalið með þessum breytingunum.
- c. Gry kynnti fyrstu drög mótanefndar að mótaskrá 2017. Umræða skapaðist um að halda ÍM fyrr. Almenn ánægja var með það fyrirkomulag að halda ÍM í bekkpressu, ÍM í klassískri bekkpressu og ÍM í réttstöðulyftu sömu helgina. Gry ítrekar þriggja flokka skilgreiningu móta og skráningu þeirra í gagnabanka KRAFT. Hún sagði aðeins úrslit opinna móta og meistaramóta skráð.

## 8. Fundarslit. Gry þakkaði mönnum fyrir fundinn og sleit honum kl. 21:30.

Fundinn ritaði Róbert Kjaran.